



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023

nefndasvid@althingi.is

Fni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstpjónustu nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði), 531. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 13. febrúar þar sem óskað var umsagnar samtakanna. SA vísa til fyrri umsagna sinna um málið í samráðsgátt stjórnvalda og taka undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu. Þá gera SA eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Það er forgangsmat að skýra nánar hvað telst til póstpjónustu. Hugtakið í núgildandi lögum, nr. 98/2019, pþl., er villandi og því er nauðsynlegt að það verði endurskoðað. Á póstrekkendum hvíla sérstakar skyldur og viðurlög séu þær ekki uppfylltar en borið hefur t.d. á því að farmflytjendur hafi ranglega verið taldir skráningarskyldir sem póstrekkendur með tilheyrandi gjaldskyldu og öðrum íþyngjandi skyldum. Samkvæmt athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið að rétt sé að löggjafinn taki afgerandi afstöðu til þess hvort fyrirtæki reki póstpjónustu eða ekki. Ráðuneytið telur hins vegar að þetta þurfi frekari skoðunar við og því ekki tímabært að breyta fyrirliggjandi frumvarpi. Að mati SA þarf þetta að gerast samhlíða þeim breytingum sem nú eru lagðar til. Það skýtur skökku við að fela Byggðastofnun ákveðin verkefni og sektarheimildir sem byggjast að stórum hluta á ófullnægjandi skilgreiningu í lögum. Að sama skapi er farmflytjendum sem starfa á íslenskum flutningamarkaði boðið upp á óvissar rekstraráðstæður.

Pþl. var ætlað að innleiða póstillskipun Evrópusambandsins nr. 2008/6/EB. Í 21. tl. 4. gr. pþl. er póstsending skilgreind sem *sending með eða án áritunar á umbúðir hennar. Auk bréfa upp að 2 kg. te.jast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og pakkar upp að 20 kg sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.* Í póstillskipuninni er hugtakið „postal parcels“ notað en í fyrrgreindu ákvæði er talað um „pakka.“ Eðlilegra væri að nota „bögglassending“ um það sem við er átt, þ.e. póst sem er of stór fyrir bréfasendingu en lýtur að öðru leyti lögmálum póstsendinga. SA hafna alfarið staðhæfingu ráðuneytisins um að orðið böggull sé ekki í samræmi við hefðbundna málvenju hér á landi og ekki notað í daglegu tali. Það er einfaldlega rangt. Orðið er að finna í eldri og nýrri orðabókum og beygingarlýsingu þess má finna á vef Árnastofnunar.¹ Þýðingarskekkjan sem blasir við í lögnum hefur valdið

¹ Sjá: <https://bin.arnastofnun.is/leit/b%C3%B6ggull>
og
<https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/7724>



miklum ruglingi og er tímabært að bæta úr. SA leggja því til að hugtakið „postal parcel“ fái rétta þýðingu og fari inn í lögin sem „bögglaóstur“ og samhliða fari hugtakið „pakki“ út.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir.

Heiðrún Björk Gísladóttir